

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2026, þriðjudaginn 25. ágúst kl. 13:00 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1371. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Sigrún Reynisdóttir, Dagný Geirdal og Böðvar Páll Jónsson. Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.

Þetta gerðist:

1. Austurbakki 2 – breytingaerindi - USK26070273

Sótt er um leyfi til að leiðrétta skráningu mhl. 02 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Ármúli 32 - USK26060016

Sótt er um leyfi til að koma fyrir skyggnum á suður- og norðurhlið framhúss, klæða með lóðréttri áklæðningu og sameina mhl. 01 og mhl. 02, á lóð nr. 32 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2026.

3. Bjóla 1 - USK25010160

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að íbúðarhús hefur verið gert upp, einangrað og klætt að utan með báruklæðningu og byggð hefur verið geymsla við suðaustur hlið einbýlishúss á lóðinni Bjóla 1 á Kjalarnesi.

Stækkun 28.7 ferm., 87.5 rúmm.

Erindi fylgir uppfærð umsögn Minjastofnunar dags. 8. maí 2025, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. mars 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 18. mars 2025 og ljósmynd af lóðauppdrætti 32.465.2 dags. 15. desember 2015.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

4. Bjóla 2 - USK25010161

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að hlaða hefur verið gerð upp, einangruð og klædd að utan með báruklæðningu og notkun breytt í vinnustofu auk þess sem byggð hefur verið geymsla við suðaustur hlið húss á lóðinni Bjóla 2 á Kjalarnesi.

Stækkun: 60.7 ferm., 85.3 rúmm.

Erindi fylgir uppfærð umsögn Minjastofnunar dags. 8. maí 2025, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. mars 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 18. mars 2025 og ljósmynd af lóðauppdrætti 32.465.2 dags. 15. desember 2015.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Bleikjukvísl 5 - USK26010451

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, m. a. stækka og fjölga gluggum í kjallara, bæta við útihurð, koma fyrir léttum stiga milli hæða og bæta við snyrtingum ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum þar sem tekin hafa verið í notkun óuppfyllt rými í kjallara og innréttuð sem tómstundarými og eldhúsgluggar hafa verið síkkaðir og gerð hurð út á verönd í einbýlishúsi á lóð nr. 5 við Bleikjukvísl.

Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa vegna áður gerðra breytinga dags. 16. júlí 2025 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2026.

Stækkun: xx ferm.

Frestað. Vísað til athugasemda og leiðbeininga í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2026.

6. Blikastaðavegur 2 – breytingaerindi - USK26010199

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24100129 vegna lokaúttektar þannig að nokkrum hurðum innanhúss og uppbyggingu stiga er breytt, reyklúgum er fækkað og brunahönnun uppfærð fyrir lager- og skrifstofuhús, mhl.06, á lóð nr 2-8 við Blikastaðaveg.

Erindi fylgir greinargerð um breytingar dags. 13. janúar 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 3. desember 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

7. Borgartún 1 - USK26050149

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25060187 þannig að innra skipulagi í kjallara er breytt og skráningartafla uppfærð fyrir hótél á lóð nr. 1 við Borgartún.

Erindi fylgir skýrsla Öruggh ehf um brunahönnun útgáfa V06 dags. 15. júní 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 12. ágúst 2025.

Jafnframt er erindi USK26020320 dregið til baka.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

8. Borgartún 39 - USK26070325

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0101 og breyta utanhússklæðningu á verslunarhúsi á lóð nr. 39 við Borgartún

Erindi fylgir greinagerð hönnuðar dags. í júlí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Brekkugerði 9 - USK26030424

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053258 vegna lokaúttektar þar sem innréttuð hefur verið íbúð í rými 0002 og geymsla í bílgeymslu einbýlishúss á lóð nr. 9 við Brekkugerði.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 24. október 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júlí 2026.

Synjað. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júlí 2026.

10. Brávallagata 8 - USK26060087

Sótt er um leyfi til að setja svalir á austurhlið 1., 2. og 3. hæðar á fjölbýlishúsi á lóð nr. 8 við Brávallagötu.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 3. júlí 2026 og umsögn Minjastofnunar dags. 4. ágúst 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Bræðraborgarstígur 19 - USK26060409

Sótt er um leyfi til að stækka mhl. 02 með því að hækka millibyggingu milli mhl. 01 og mhl. 02, breyta innra skipulagi og gera svalir á einbýlishúss á lóð nr. 19 við Bræðraborgarstíg.

Stækkun, mhl. 02: 20,2 ferm., 49,1 rúmm.

Eftir breytingar: 176 ferm., 393,8 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. maí 2026, samþykki meðlóðarhafa dags. 22. apríl 2026 og bréf hönnuðar dags. 22. júlí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Erindi er í grenndarkynningu.

12. Byggðarendi 20 - USK26040137

Sótt er um leyfi til að byggja sólskála við austurhlið neðri hæðar og koma fyrir svalalokun á svölum efri hæðar einbýlishúss á lóð nr. 20 við Byggðarenda ásamt breytingum innanhúss.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júní 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og bréf hönnuða dagsett 31.07. 2026

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

13. Bíldshöfði 4-6 - USK25120382

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi sem felast í að innréttað hefur verið mötuneyti, veitingastaður í fl. I, teg. c á 1. hæð og kaffitorg á 2. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 4-6 við Bíldshöfða.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Eiríksgata 13 – breytingaerindi - USK26060410

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK29040378 og breyta flóttaleið úr eldhúsi á jarðhæð gististaðar í fl. II í fjölbýlishúsi á lóð nr. 13 við Eiríksgötu.

Erindi fylgir yfirlit yfir breytinga á áður samþykktum aðaluppdráttum og bréf frá hönnuði ætlað SHS dags. 18. ágúst 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Goðheimar 21 - USK24040120

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í fjölbýlishúsi á lóð nr. 21 við Goðheima.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, samþykki meðeigenda dags. 12. desember 2023, húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 5. ágúst 2026 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júní 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Til þess að samþykktin öðlist gildi er skilyrt að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.

16. Grensásvegur 1B - USK25080250

Sótt er um leyfi vegna innanhússbreytinga á rými 0105 á lóð nr. 1B við Grensásveg. Þar sem innréttaðar verða snyrtistofa og hárgreiðslustofa.

Málið var tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 19.8.2025 en rangur málsaðili skráður, en síðan var það leiðrétt og málsmeðferð fram haldið.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Grensásvegur 1C – breytingaerindi - USK26070077

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059455 þar sem breytt er útloftun og fjarlægja tvær hurðir kjallara mhl .04, fjölbýlishúsi C á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum uppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

18. Grettisgata 41 - USK26060347

Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús úr timbureiningum, mhl. 02 á lóð nr. 41 við Grettisgötu.

Stærð: 104 ferm., 313,7 rúmm.

Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir frá Lotu dags. 10. desember 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

19. Grettisgata 86 - USK26070022

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi vegna gerðar eignaskiptayfirlýsingar í húsi á lóð nr. 86 við Grettisgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinagerð hönnuðar auk samþykki annarra eiganda dags. 27. júlí 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Til þess að samþykktin öðlist gildi er skilyrt að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.

20. Gullslétta 1 - USK26040254

Sótt er um leyfi til að byggja iðnaðarhús mhl. 01 á lóð nr. 1 við Gullsléttu.

Stærð: 3.106,2 ferm. og 19.467,8 rúmm.

Erindi fylgir greinagerð brunavarna dags. 14. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Gylfaflöt 5 - USK26050032

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í hluta 1. hæðar (0101) og 2. hæðar og innréttu fyrir starfsemi Ljóssins í skrifstofuhúsi á lóð nr. 5 við Gylfaflöt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Hafnarstræti 7 - USK26050365

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl. 02, á lóð nr. 7 við Hafnarstræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Hraunberg 4 - USK26040065

Sótt er um leyfi til gera glugga á kjallara, breyta innra skipulagi í rými 0101 og 0102 breyta flokkun veitingastaðar úr fl. I í fl. II í húsi á lóð nr. 4 við Hraunberg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Hringbraut 110 - USK26060230

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti einbýlishúss á lóð nr. 110 við Hringbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 4. júní 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Hringbraut 110 - USK25090185

Sótt er um leyfi til að byggja forstofu með svölum ofaná á vesturhlið, byggja yfir upprunalegar svalir og gera nýjar á austurhlið, breyta þaki, byggja nýja og stærri kvisti og innrétta gististað í flokki II, teg. c í kjallara og á 2. hæð í einbýlishúsi á lóð nr. 110 við Hringbraut.

Stækkun: 10 ferm.

Eftir stækkun: 297 ferm., 718,9 rúmm.

Erindi fylgir gátlisti aðaluppdrátta og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Hátún 6B - USK26040067

Sótt er um leyfi til að innrétta jógastúdíó í verslunarrými á lóð nr. 6A-6B við Hátún.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Hólavað 19 - USK26060281

Sótt er um leyfi til að fjarlægja burðarvegg og setja stálbita/súlur í staðinn í, mhl.04, raðhúsi á lóð nr. 19 við Hólavað.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum ásamt uppdráttum burðarvirkishönnuðar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Hólmaslóð 6 – breytingaerindi - USK26070056

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24100082 með því að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 6 við Hólmaslóð. Erindi fylgir skjal þar sem breytingar eru merktar inn á áður samþykktu aðaluppdrætti.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Hólmgarður 6 - USK26080113

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055762 sem snýr að því að falla frá fyrri áformum um viðbyggingu til suðurs og svalir og setja í stað svalir fyrir framan suður kvist, auk þess að breyta innra skipulagi íbúðar í húsi á lóð nr. 6 við Hólmgarð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Hólmgarður 8 - USK26060325

Sótt er um leyfi til að falla frá áður samþykktum áformum BN061086 um viðbyggingu til suðurs, en setja núna stálsvalir fyrir þakhæð á fjölbýlishúsi á lóð nr. 8 við Hólmgarð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og samþykki meðeigenda.

Stærðar breyting: -25,2 fermm. -72,2 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Höfðabakki 1 - USK26060159

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0102 og innrétta hárgreiðslustofu í skrifstofu- og atvinnuhúsi, mhl. 02 á lóð nr. 1 við Höfðabakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

32. Jöfursbás 3 – breytingaerindi - USK26080229

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24050291 vegna breyttra merkinga í kjallara og innra skipulagi í íbúð 0702 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 3 við Jöfursbás.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

33. Kringlan 4-12 - USK25020213

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að innra fyrirkomulagi er breytt í einingu V-08 á matartorgi á 3. hæð í Kringlunni á lóð nr. 4-12 við Kringluna.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, bréf umsækjanda dags. 17. febrúar 2025 og skoðunarskýrsla SHS dags. 31. júlí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Langholtsvegur 184 - USK26060349

Sótt er um leyfi til að stækka kvisti og þakglugga, fjarlægja skorstein og innrétta tólmundarymi í risi tvíbýlishúss á lóð nr. 184 við Langholtsveg.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 23. febrúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

35. Laugarnesvegur 91 - USK25070326

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þannig að flóttaleiðum frá kennslurýmum á jarðhæð og samkomusal á úr sal á 1. hæð Listaháskóla Íslands er breytt í húsi á lóð nr. 91 við Laugarnesveg.

Erindi fylgir ódagsett samantekt Öruggr verkfræðistofu útg. V03 um brunavarnir og yfirlit breytinga á óstimpluðum aðaltekningum.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

36. Laugateigur 14 - USK26050440

Sótt er um leyfi til að byggja vinnustofu sem verður mhl. 03 við fjölbýlishús á lóð nr. 14 við Laugateig.

Stærð: 32.4 ferm., 109,9 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa og lóðarhafa Laugateigs nr. 16 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2026.

Frestað. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2026.

37. Laugavegur 182 - USK26070112

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innrétta sjúkrabjálfun í rými 0202 mhl. 04 í húsi á lóð nr. 182 við Laugaveg.

Erindi fylgir greinagerð brunahönnuðar dags. 3. júlí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Lágholtsvegur 13 - USK25120305

Sótt er um heimild til að byggja glerskála við suðvesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 13 við Lágholtsveg.

Stækkun: 15.8 ferm., 45.0 rúmm.

Eftir breytingu: 135,5 ferm., 340,1 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett umsögn Minjastofnunar, samþykki lóðarhafa Lágholtsvegar 15 dags. 5. ágúst 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Lækjargata 4 - USK26050049

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta framleiðslueldhús í kjallara og veitingastað í fl. II, teg. e á 1. hæð, og til að koma fyrir afgreiðslulúgu á bakhlið húss á lóð nr. 4 við Lækjargötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Lækjarás 6 – breytingaerindi - USK26080310

Sótt er um leyfi til að gera breytingar á lóð sem snýr að nýjum útistiga og steiptum vegg á lóð nr. 6 við Lækjarás.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Miðtún 11 - USK25100266

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti einbýlishúss, mhl.01 og bílskúrs, mhl.02, á lóð nr. 11 við Miðtún.

Stækkun: Mhl.02: 30.1 ferm., 81.7 rúmm.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa við Miðtún 13 og Samtún 22 dags. 2. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

USK25110361 um breytingu á deiliskipulagi hefur hlotið samþykki þann 16.06.2026

Frestað. Umsækjandi skal óska eftir húsaskoðun Byggingarfulltrúa

42. Miðtún 2 - USK26080079

Sótt er um áður gerðar breytingar sem snúa að því að notkun bílageymslu breytist í geymslu og stigi í húsinu hefur verið færður í húsi nr. 2 við Miðtún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 29. maí 1941.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Nesvík - USK26040423

Sótt er um leyfi til að setja niður fullbyggt frístundahús á lóðinni Nesvík

Stærð: 40,9 ferm og 124,7 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

44. Njörvasund 35 - USK26070075

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að gerð er grein fyrir ósamþykktri íbúð í kjallara mhl. 01 í rými 0001 húsi á lóð nr. 35 við Njörvasund.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 14. ágúst 1952 og greinagerð hönnuðar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Nóatún 17 - USK26060034

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0101 í verslunarhúsi á lóð nr. 17 við Nóatún

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

46. Rauðarárstígur 27 - USK26070307

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25020151 og innrétta hárgreiðslustofu í rými 0103 á 1. hæð í húsi á lóð nr. 27 við Rauðarárstíg.

Erindinu fylgir yfirlit breytinga á áður samþykktum aðaluppdráttum

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

47. Seljavegur 13 - USK26040021

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0301 og mynda þannig sjálfstæða fasteign í tvíbýlishúsi á lóð nr. 13 við Seljaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Skipholt 50D - USK26060388

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. hæð og innrétta fyrir starfsemi Menntaskóla í Tónlist í húsi á lóð nr. 50D við Skipholt.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

49. Skipholt 70 - USK26060033

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi. opna á milli rýma 0101 og innrétta verslun og kjötvinnslu í rými í verslunar- og fjölbýlishúsi á lóð nr 70 við Skipholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 22. mars 2016.

Frestað. Vísað til athugasemda.

50. Skólavörðustígur 9 – breytingaerindi - USK26030117

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK2406006 þannig að kjallari er stækkaður og innra skipulagi, anddyri og flóttaleiðum breytt í nýbyggingu, mhl. 02, á lóð nr. 9 við Skólavörðustíg.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

51. Skúlagata 26 – breytingaerindi - USK26060280

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara, lagnaleiðum, flóttaleið frá eldhúsi og eldvarnartjaldi í hóteli og íbúðarhúsi á lóð nr. 26 við Skúlagötu

Erindi fylgir brunaskýrsla dags. 26. maí 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

52. Skúlagata 28 - USK26060084

Sótt er um leyfi til að innrétta keilusal í áður óráðstöfuðu rými í húsi á lóð nr. 28 við Skúlagötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

53. Sogavegur 108 - USK26040116

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innréttaðar hafa verið læknastofur á 2. hæð, íbúð 0201 minnkuð, gluggum og innra skipulagi í kjallara breytt og suðurgafi klæddur áklæðningu á verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.03, lóð nr. 1-3 við Réttarholtsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Lagfæra skráningu.

54. Steinasel 8 - USK26060282

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, stækkun og breyttu innra skipulagi í tvíbýlishúsi á lóð nr. 8 við Steinasel.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Stækkun: 43,7 ferm., 301,5 rúmm.

Eftir breytingu: 442 ferm., 1.503,5 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

55. Suðurlandsbraut 30 – breytingaerindi - USK26050120

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta fótaaðgerða- og nuddstofu í rými 0102 í skrifstofuhúsi á lóð nr. 30 við Suðurlandsbraut.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

56. Sæmundargata 11 - USK26020459

Sótt er um áður gerðar breytingar sem snúa að kaffistofu starfsmanna og geymslu við tæknirými í húsi nr. 11 við Sæmundargötu. Erindinu fylgir brunavarnarlýsing dags. 08. desember 2025, yfirlit breytinga dags. 11.janúar 1996 og gátlisti byggjanda.

Frestað. Vísað til athugasemda.

57. Síðumúli 15 – breytingaerindi - USK25120175

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24080193 vegna lokaúttektar með því að uppfæra brunavarnir í skrifstofum í rými 0302 í húsi á lóð nr. 15 við Síðumúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

58. Súðarvogur 9A - USK26070382

Sótt er um leyfi til að byggja 14,7 m2 sólskála á svölum íbúðar 0403 í húsi á lóð nr. 9A við Súðarvog.

Frestað. Vísað til athugasemda.

59. Torfufell 23 - USK26050338

Sótt er um leyfi til að koma fyrir fjarskiptabúnaði á norðurgafli fjölbýlishúss á lóð nr. 23 við Torfufell.

Hæð súlu 1,5 metrar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

60. Vagnhöfði 5 - USK26050315

Sótt er um leyfi til að bæta brunavarnir og flóttaleiðir, breyta innra skipulagi og útliti iðnaðar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 5 við Vagnhöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

61. Vatnagarðar 22 – breytingaerindi - USK26070020

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25120267 vegna lokaúttektar með því að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 22 við Vatnagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Örugg V6, dags. 29. júní 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

62. Þórsgata 23 - USK26080112

Sótt er um leyfi til að setja svalaskýli á svalir íbúðar 0201 í húsi nr. 23 við Þórsgötu.

Erindinu fylgir samþykki nágranna.

Frestað. Vísað til athugasemda.

63. Önnur mál:

Fundargerðir byggingarfulltrúa hafa verið rangt númeraðar frá 19. september 2023. Þann dag var fundur númer 1227 haldinn, en þann 26. september sama ár er fundur númer 1128 haldinn. Við fundarritun seinni fundarins var gerð innsláttarvilla með þeim afleiðingum að allir fundir síðan hafa verið rangt númeraðir og 82 pör af fundum deila sama númeri, frá 1146 (11. janúar 2022 til 13. febrúar 2024) upp í 1227 (19. september 2023 til 14. október 2025) — í reynd hver einasti fundur frá janúar 2022 fram að 19. september 2023 á sér þannig annan fund með sama fundarnúmeri um tveimur árum síðar. Ávallt er vísað til funda með vísan í dagsetningu fundar og ártals svo hægt er að greina á milli funda í birtingu fundargerða sem og annars efnis þar sem vísað er til fundargerða þessara.

Allir fundir frá 26. september 2023 eru þar af leiðandi rangt númeraðir og síðasti fundur átti þannig að vera númer 1370 en ekki 1270 og fundurinn í dag er því réttilega fundur nr. 1371.

Er þetta hér með tilkynnt og leiðrétt frá og með 1371. fundi þann 25. ágúst 2026.

Fundi slitið kl. 14:50
Brynjar Þór Jónasson
Sigrún Reynisdóttir
Dagný Geirdal
Böðvar Páll Jónsson
Guðbjörg Sigríður Snorradóttir